



## Ársskýrsla Norðurlandsdeildar eystri 2019-2020

Ágætu sjúkraliðar.

Þessi aðalfundur hefði með réttu átt að vera í nóvember 2019 en útaf dottlu þá hefur hann frestast um nokkra mánuði.

Starfsár deildarinnar telst vera frá 1. október 2019 til 31. ágúst 2020 svo deildirnar hafi meiri tíma til að ganga frá reikningum. En þar hefur orðið breyting á, þannig að framvegis verður starfsárið frá 1. september – 31. ágúst.



Stjórn deildarinnar skipa nú:

Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, formaður  
Freydís Anna Ingvarsdóttir, varaformaður  
Kristín Helga Stefánsdóttir, gjaldkeri  
Bergþóra Heiðbjört Bergþórsdóttir, ritari  
Ingibjörg Ósk Helgadóttir, meðstjórnandi  
Harpa Hlín Jónsdóttir, varamaður

Kjörstjórn:

Guðrún Ásdís Ásmundsdóttir  
Ragna Kolbrún Ragnarsdóttir  
Freydís Anna Ingvarsdóttir



Skoðunarmenn reikninga:  
Anna Lilja Björnsdóttir  
Ingibjörg Helgadóttir

Aðalfundur 2019 fór fram á Hótel Kea 19. nóvember. Þar hélt Arnrún Halla Arnórsdóttir fyrirlestur um *Samskipti og fagleg tengsl*. Trúnaðarmenn mættu klukkutíma undan aðalfundinum, þar sem við fórum yfir stöðuna hjá hverjum og einum. Stjórnir og nefndir héldust óbreyttar eftir þennan aðalfund.



Frá aðalfundir deildarinnar

### **Starfsemin á árinu 2019-2020**

Evrópudagur sjúkraliða 26. nóvember

Deildin sá ekki neina dagskrá í þetta skiptið heldur hvatti sjúkraliða til að bjóða upp á eitthvað gott með kaffinu á sínum vinnustað.

12. febrúar

Planaður þrífadagur í bústöðunum Holtalandi 7 og 9.

Þar mættu nokkrir galvaskir sjúkraliðar til verka. Sú upphæð sem þar safnaðist verður notuð í skemmtiferð þegar um hægist.



17. febrúar

Sandra og Gunnar komu og funduðu um stöðuna í kjarabaráttunni, vel sóttur fundur á Hlíð.



Frá vel sóttum kjarafundir á Hlíð

18. febrúar

Fyrirlestur með Jóhönnu Þorleifsdóttur sjúkraliða og launafulltrúa hjá HSN um vinnustund og launaseðla.

17. -19. febrúar

Kosning um verkfall hjá sjúkraliðum sem starfa hjá ríkinu sem var samþykkt. Svo var skrifað undir nýjan kjarasamning þann 9. mars svo ekki kom til verkfalls. Einnig var skrifað undir nýjan kjarasamning hjá sveitafélögunum og hann samþykktur þann 25. mars.

12. mars

Kynning á nýjum kjarasamning við ríkið. Sandra Franks, formaður og Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri, komu á vel sóttan fund sem haldinn á Strikinu. En þetta var eini fundurinn sem þau gátu haldið áður en hertar sóttvarnarreglur tóku gildi. Aðrir fundir voru haldnir í gegnum Zoom.

Eftir þetta brast á Covid 19 og engin dagskrá hjá deildinni.

Við funduðum svo aftur í september og var þá mikill hugur í stjórnarkonum. Tillaga kom um afmælisferð í Vök og gistingu á Egilsstöðum, en deildin verður 30 ára í ár þann 19. október.

Þrír sjúkraliðar útskrifuðust frá VMA í desember 2019 og þrír sjúkraliðar í maí 2020.



Ég fór á tvo félagstjórnarfundi suður til Reykjavíkur, í október 2019 og í febrúar 2020. Einnig voru trúnaðarmannaráðsfundir á sama tíma.

Fulltrúafingið frestaðist fram í september og var það haldið í fjarfundi.

Helga Dögg var að venju með nokkur námskeið fyrir sjúkraliða, mættum vera duglegri að sækja þau. Þessi námskeið eru metin til launahækkana og eru mun ódýrari en önnur námskeið. Megi hún hafa bestu þakkir fyrir.

Um áramót taldi deildin 217 félagsmenn.

Fyrir hönd stjórnar,

Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, formaður